

og ýmsum tegundum af garni. Rúllur á rúllur ofan af öllu þessu efni minna á netaverkstæði, en þar að auki notar Nína koparvír í vefinn og hafði saman dregið margar rúllur af honum. Þetta er semsagt ekki neinskonar fínlegt bróðerí; veflist af þessu tagi er alveg sér á parti og meira í ætt við höggmyndir en venjuleg veggteppi. Það fer þó ekki milli mála, að Nína hefur náð góðum tókum á þessari myndgerð og ofur skiljanlegt, að myndverk hennar hafa reynzt útgengileg. Verðið á þeim gæti verið 350—700 þúsund íslenskar krónur.

„Ég hef ekkert bísnisvit“, segir Nína, „en ég hef verið feykilega heppin og getað lífað af listinni uppá síðkastið, eða skrímt, skulum við segja. En þess ber að gæta, að ég fer með mikili í efniskostnað. Ekki er ég í neinum samtökum eða félagum. Þó er til veflistafélag hér í París og ég fór á fund í félaginu, en allt gekk útá kjaftæði, sem ég hafði engan áhuga á og svo fór að ég sótti ekki einu sinni um inngöngu. Ekki er ég heldur í sambandi við neitt gallerí, en þau eru mýmörg og misjöfn að gæðum og taka frá 25—80% af því sem selst.“

Á þessu nýbyrjaða ári er fjölgunarvon hjá þeim hjónum og í samræmi við það koma nýjar skyldur til sögunnar hjá húsmóðurinni, nýtt viðfangsefni. Hún er í raun útvinnandi húsmóðir, þótt vinnan sé bara á næstu hæð fyrir ofan og hvernig skyldi hún haga þessari vinnu sinni?

„Alltaf ætla ég mér að vinna í 8 tíma á degi hverjum“, segir Nína, — „yfirleitt er ég góð á morgnana; hef farið á fætur uppúr klukkan átta eftir að ég gifti mig og vinn þá til klukkan eitt. Eftirmiðdagurinn vill verða ódrýgr; þetta er svo miðsvæðis í borginni og það hefur verið mikill gestagangur hjá okkur, bæði eru það Íslendingar og aðrir.“


Nína er að sjálfsgöðu byrjuð að skjóta rötum í þessu umhverfi. En fólk er líka hluti umhverfisins og ekki sá þýðingarminnsti, — og útlendingar bera Frönsurum misjafnlega söguna. Nína segir líka, að hún viti alltaf hvar hún hafi Íslendinga, en það sama getur hún ekki sagt um Fransmenn; jafnvel ekki þá sem hún telur sig þó þekkja vel. Fransmenn eru öðruvísi, segir hún, hugsa öðruvísi og eru öðruvísi uppaldir.

Enginn er svo að hann sakni ekki einhvers að heiman, þótt vel gangi að skjóta rötum í nýju umhverfi. Og hvað skyldi það helzt vera, sem Nína saknar frá ísa köldu landi. Jú, einmitt ísinn og kuldinn. Hún saknar vetrarins mest af öllu, — „að sjá aldrei almennilegan snjó og að finna aldrei almennilegt rok. Síðast þegar ég kom heim, bar það uppá janúar. Þá gerði óskubyl og ég nað þess bara að standa úti og láta byllinn leika um mig. Svo þykir mér heldur miður, að fá hvorki nýja ýsu né grásleppu.“

Hvort sem Nína Gautadóttir fær að búa lengur eða skemur í Latínuhverfinu, þá hafa mál nú þróast þannig, að móðuramma mannsins hennar hefur látið þeim eftir dálítið Hans og Grétu-hús í útjaðri Parísar. Þar er ævintýralega fallett, segir Nína, en því miður er húsið eitthvað utan við skipulagið og óvíst, hvort það fær að standa um aldur og ævi. Nína gæti haft vinnustofu þar plássins vegna, en býst síður við að gera það; kýs fremur að halda þeirri vinnustofu, sem hún hefur nú komið sér upp, enda líklegt að andinn eftirsótti sé frekar á sveimi í Latínuhverfinu en úti í úthverfum. Nú þegar þetta kemur á þrykk, er Nína flutt í húsið.

Veflist Nínu Gautadóttur er vissulega þess virði, að hún væri kynnt hér með sérstakri sýningu. Kannski hefur hún ekki mjög mikinn áhuga á því og láí henni það hver sem vill. Hún hefur þó tvívegis rétt út hendina í von um vinsamlegar undirtektir, en hafði ekki erindi af því erfiði. Í annað skiptið hafði hún áhuga á að taka þátt í hinni árlega haustsýningu FÍM og í hitt skiptið í norrænni veflistarsýningu. Í bæði skiptin sendi hún verk, sem höfðu fengið verðlaun erlendis, — en hér var þáttöku hennar umsvifalaust hafnað.

Rabob



Nú — þegar staðið er á mótum áratuga — er ekki óviðeigandi að litið sé um öxl og fram á við. Hvað einkenndi liðinn áratug, hvaða spor markaði hann í Íslandssöguna, hvað skildi hann eftir sig? Fánýtt þras, þrætur, illindi. Ef komandi áratugur verður kópía af hinum liðna list mér ekki á blikuna. En ég vona að hann verði skárri og legg því fram dálítinn óskalista: Ég vona að núverandi fræðslukerfi, þetta forklúðraða hrófatildur af heimsku og lögleysu, verði molað mélinu smærra og upp af því megi rísa eitthvað sem vit er í. Ég vona ennfremur að sú tíð renni upp á ný að nefna megi ættjarðarást og þjóðhollustu án þess að verða að háði og spotti fyrir bragðið. Nú er þrjú er verðbólgan — að henni verði sökkt út á sextugt dýpi. En til að svo megi verða hljótum við, bæði óbreyttir borgarar og forystulið, að snúa baki við vígorðum en horfast í augu við raunveruleikann. Eins og nú er komið verður verðbólgan naumast stöðvuð á skemmri tíma en hálfum til heilum áratug, jafnvel þó byrjað væri að spyrna við fótum strax. Talið er að lífskjör séu hér tuttugu til þrjátíu prósent lakari en vera þyrfti — vegna verðbólgunnar! Hrikalegt.

Fjórdi er vegakerfið. Það er lygileg staðreynd að vegirnir hafa verið að versna jafnt og þétt síðastliðin þrjátíu ár, ef undan eru skildir smáspottar hér út frá Reykjavík. Verði ekki kominn þokkalega akfær vegur (malbikaður, en þó allra helst steypdur) norður til Akureyrar og austur til Kirkjubæjarklausturs eftir tíu ár, þá hefur landinu verið laklega stjórnað. Þyki einhverjum þessari ósk í hóf stillt, þá segi ég og skrifa að ég slægi ekki hendinni á mótum góðum vegi hringinn í kringum landið.

Gott og vel, höldum áfram með samgöngurnar: Innlent eldsneyti er framtíðin. En er þá nokkru fjarstæðara að Íslendingar framleiði einnig sína eigin bíla? Er nokkru vandasamara að smíða bíla en til dæmis að taka eldavélar sem hér hafa verið framleiddar með góðum árangri áratugum saman? Íslenskir bílakaupendur eru alltaf að leita að óskabílum sem aldrei finnast — bíl sem henti sérstaklega íslenskum vegum, staðháttum og loftslagi. Fólksbílar eru framleiddir fyrir eggslætta vegi og eru, hingað komnir, eilífur verkstæðismatur og sálarháski fyrir eigendur. Jeppar eru gerðir fyrir torfætur sem hér verða að vísu hvarvetna á vegi en eru of eyðslufrekir í daglegri notkun. Mig minnir að fólksbílarinn um 1930 væru á átján tommu felgum, enda komust þeir um allar trissur. Þannig þarf Íslenski fólksbíllinn að vera: hár sparneytinn, vel varinn fyrir ryði, stilltur fyrir hóflegan hraða, látlaus en þægilegur. Því miður yrðum við að vera upp á aðra komnir með efni í bílinn. Og líka með þekkinguna! Af hvoru tveggja er nóg framboð í heiminum. Bílaverksmiðja er ekki draumur og ekki fjarstæða heldur vel hugsanlegur möguleiki — það er að segja með þeim fyrirvara að Íslendingar verði að tíu árum liðnum hættir að ríða gandreið á hugmyndafræði einni saman.

Bílaverksmiðjuna kalla ég sem sagt fimmtu óskina. Sjötta óskin

heitir: meiri gróður, meiri tré. Við erum að stíga inn í ár trésins. Hér þurfa öll ár að vera ár trésins ef lífvænlegt á að vera í landinu til frambúðar. Sá, sem leggur það á sig að aka hringinn um landið í sumarleyfinu — hvar stansar hann, hvar tjalda hann? Í Vaglaskógi og Hallormstaðaskógi. Á helgum sumarsins safnast fólk saman í Húsafellsskógi, Galtalækjarskógi eða í Þórsmörk eða annars staðar þar sem skjól er af trjám. Skógur bætir loftslag og sálarástand. Skógrækt er líka prýðis námskeið í þolinmæði. Á liðnum áratug gekk enn á skóglendi og annað gróðurlendi landsins, þrátt fyrir sífellt fjas

Óska- listi

níunda ára- tugarins

um mengunarvarnir og betri umgengni við náttúruna.

Ég enda svo á gömlu helgítöllu — sjö — og í sjöunda lagi óska ég lýðveldinu nýrrar stjórnskrár. Upplausnin í pólitíkinni á liðnum áratug ætti að verða okkur lexía. Unnt er að benda á raunverulega hlíðstæðu annars staðar frá, og kannski margar. Mér kemur í hug franska lýðveldið fyrir daga de Gaulle: Þingræði að nafninu til, ótal flokkar, ringulreið, upplausn. Franska þingrið átti t.d. að kjósa landinu valdalausn forseta en var í raun orðið ófært um að koma sér saman um svo sjálfsgagt mál, hvað þá það sem meira var. Það er láglúra af versta tagi að halda því fram að lýðræðinu stafi hér hættu af því að til að mynda húnvetningar og skafftellingar ráði of miklu en reyknesingar of litlu. Og að nefna fjölgun þingmanna sem hrossalækningu fyrir lýðveldið finnast mér í senn hlægilegt og ósvífið. Við þurfum á styrkri stjórn að halda, hvað sem hún er kölluð, vinstri eða hægri, en alls ekki fleiri þingmönnum. Hins vegar finnast mér sjálfsgagt að leggja þyngri ábyrgð á herðar þjóðhöfðingjanum, láta vanda fylgja vegsemd. Yfirbygging þjóðfélagsins er orðin alltof þunglameleg og dýr. Ef okkur á að farnast skár á komandi áratug en hinum, sem liðinn er, verður að minnsta kosti hluti farsældarinnar að koma ofan frá.

Erlendur Jónsson